

Nefndasvið Alþingis  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík




Reykjavík, 22. mars 2021  
Þingskjal 304 - 272. mál

**Efni: Umsögn Ungra jafnaðarmanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur)**

Ungir jafnaðarmenn styðja lækkun kosningaaldurs í 16 ár, í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar – Jafnaðarmannaflokks Íslands sem samþykkt var á flokksstjórnarfundum 13. mars s.l. Hreyfingin telur lagabreytinguna sem frumvarpið felur í sér vera mikilvægan lið í því að efla kosningaþátttöku ungs fólks á Íslandi.

Jafnframt telja Ungir jafnaðarmenn nauðsynlegt að stórefla fræðslu um stjórnmál og lýðræðisþátttöku á öllum skólastigum, þá sérstaklega þegar nær dregur kosningaaldri. Ýmsar leiðir eru færar til þess, meðal annars með tíðari skuggakosningum og með aukinni þátttöku stjórnmálaflokka og ungliðahreyfinga þeirra í skipulögðu skólastarfi. Í nágrannalöndum okkar, svo sem í Noregi, eru skuggakosningar haldnar árlega í skólum landsins og stjórnmálaflokkum gefst tækifæri til að kynna sig og stefnumál sín. Ungir jafnaðarmenn telja að slíkt fyrirkomulag myndi gefa góða raun á Íslandi, enda er upplýst umræða forsenda virks lýðræðis.

Fyrir hönd Ungra jafnaðarmanna,

  
Ragna Sigurðardóttir, forseti